



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagurinn 11. júní 2013

Ákvörðun nr. 18/2013

Samruni Efstasunds Holding ehf. og Bílanausts ehf.

1.

Þann 16. maí 2013 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Efstasund Holding ehf. (hér eftir nefnt Efstasund) hafi keypt allt hlutafé í félaginu Bílanaust ehf. (hér eftir nefnt Bílanaust).

Tilkynningunni fylgdi samrunaskrá þar sem fram kemur að samrunaaðilar telji samrunann falla undir 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og b. lið 7. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Þá fylgdi einnig kaupsamningur um kaup 100% hlutfjár í Bílanausti ehf. milli N1 hf. og Efstasund Holdings ehf., dags. 7. maí 2013. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Aðilar samrunans eru tveir, Efstasund og Bílanaust. Í samrunaskránni kemur fram að með umræddum samruna sé Efstasund að eignast 100% eignarhlut í Bílanausti, sem hafi upphaflega verið stofnað árið 1962. Árið 2007 hafi Bílanaust verið sameinað N1 hf. Á árunum 2007 til 2012 hafi verslanir félagsins hins vegar ekki starfað undir vörumerkinu Bílanaust en í árslok 2012 hafi starfsemin aftur verið færð í sérstakt félag. Í ársbyrjun hafi samningaviðræður við Efstasund hafist um kaup þess á Bílanausti sem lokið hafi verið með gerð kaupsamnings. Að mati samrunaaðila séu framangreind kaup ekki til þess fallin að skapa samkeppnisréttarleg vandkvæði, sbr. einkum 17. gr. samkeppnislaga. Þá er gerð nánari grein fyrir aðilum samrunans, eigendum þeirra og þeim fyrirtækjum sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Vöru- og þjónustumörkuðum sem samruninn hefur áhrif á er lýst og rökstutt er mat aðila á markaðshlutdeild fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum og á samkeppnislegum áhrifum samrunans.



Fram kemur m.a. að Efstasund Holding ehf. sé fjárfestingarfélag án mikillar starfsemi. Enginn starfsmaður þiggi laun hjá félaginu. Bílanaust sé stærsta bílavarahlutaverslun landsins en sé þó langt frá því að vera í markaðsráðandi stöðu. Félagið starfræki sjö verslanir með varahluti, aukahluti í bíla, verkfæri, rekstrar- og iðnaðarvörur ásamt söludeild og tækniþjónustuverkstæði. Eftirspurn eftir vöruflokkum Bílanausts ráðist að miklu leyti af fjölda og ástandi skráðra bíla á Íslandi. Eftirspurn eftir vörum Bílanausts komi bæði frá aðilum í atvinnurekstri og almenningi. Í atvinnurekstri sé eftirspurn veigamest frá bílaviðgerðarverkstæðum, smurþjónustuverkstæðum, olíufélögum, bílaumboðum, bílaleigum og öllum öðrum fyrirtækjum sem reka stóra bílafloata. Almennigur sé einnig veigamikill þegar kemur að eftirspurn, en eftirspurn frá almenningi lúti mest að efnavörum, aukahlutum í bíla og varahlutum sem ekki þarfnist mikillar fagþekkingar til ísetningar.

Bílanaust starfræki sjö verslanir með varahluti, aukahluti í bíla, verkfæri, rekstrar- og iðnaðarvörur. Verslanir félagsins séu staðsettar í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri. Samrunaaðilar líti því svo á að landfræðilegur markaður sem samruninn hafi áhrif á sé landið allt.

Samrunaaðilar telja að samruninn skaði ekki samkeppni. Neytendur hafi ríkt val um við hverja þeir semja og er hreyfanleiki viðskiptavina mikill. Telja samrunaaðilar að ekki sé um aðgangshindranir á markaði fyrir varahluti fyrir fólksbíla að ræða. Margir aðilar starfi á þeim markaði sem um ræðir og gera megi ráð fyrir að samruninn komi ekki til með að hafa áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á. Viðskiptavinir Bílanausts geti yfirleitt valið á milli nokkurra söluaðila þegar komi að viðskiptum, þ.e. milli bílaumboða og varahlutaverslana. Þá hafi viðskipti á veraldarvefnum gert viðskiptavinum kleift að panta bílahluti beint frá erlendum söluaðilum og fá samanburð í verðlagningu. Viðskiptasambönd Bílanausts við stærstu viðskiptavini byggja að stærstum hluta á samkeppni í verðlagningu, vörubreidd og þjónustu. Ekki sé hægt að færa rök fyrir því að viðskiptavinir Bílanausts séu bundnir í viðskiptum við Bílanaust til langs tíma.

Þá séu ekki sjáanlegar meiriháttar lagalegar eða tæknilegar aðgangshindranir að þeim mörkuðum sem Bílanaust starfar á. Nánast allar vörur Bílanausts séu innfluttar frá erlendum framleiðendum. Vörurnar séu hvorki einsleitar né einstakar og í flestum vörutegundum séu til margir erlendir framleiðendur sem keppa með sína framleiðslu á alþjóðlegum mörkuðum. Samband Bílanausts við birgja byggja í flestum tilvikum á langvarandi viðskiptasamböndum, en ekki einkaleyfum.

3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Efstasunds og Bílanausts muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Er þá einkum litið til þess að Efstastund er fjárfestingarfélag í eigu aðila sem hafa ekki yferráð yfir félögum sem starfa á sama markaði og Bílanaust. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Efstasunds á öllu hlutafé í Bílanaust á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Efstasunds Holding ehf. og Bílanausts ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll G. Pálsson